

Reykjavík, 23. mars 2010

Fr. Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra
Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu
150 Reykjavík

Forsætisráðuneytið			
Málsnr.	FOR 10030135	Ábm.	PB
Dd.	2.4.42	Aðrir	
Mótt.	23.03.2010	Svarfr.	
Aths.		LVM	

I. Inngangur

Í júní 2009 skipaði forsætisráðherra starfshóp um endurskoðun á upplýsingalögum nr. 50/1996. Formaður starfshópsins er Trausti Fannar Valsson lektor við Háskóla Íslands en auk hans eiga þau Þórhallur Vilhjálmsson skrifstofustjóri mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Margrét Vala Kristjánsdóttir lektor við Háskólann í Reykjavík sæti í honum. Ritari starfshópsins er Páll Þórhallsson skrifstofustjóri forsætisráðuneytinu. Í skipunarbréfi kom fram að starfshópurinn skyldi ljúka störfum um síðastliðin áramót. Vinnu starfshópsins er ekki lokið. Staðan á verkefninu er sem hér segir:

Í skipunarbréfi ráðherra kom fram að starfshópnum væri m.a. ætlað að skoða hvernig megi, í ljósi reynslunnar af upplýsingalögum og framkvæmd úrskurðarnefndar um upplýsingamál, rýmka aðgengi almennings að upplýsingum í fórum stjórnvalda. Jafnframt var starfshópnum falið að skoða hvort möguleiki væri á því að víkka út gildissvið upplýsingalaganna, t.d. þannig að þau nái til einkaaðila, þ.e. hlutafélaga og sameignarfélaga sem alfarið eru í eigu hins opinbera. Forsætisráðherra hefur einnig, á síðari stigum í vinnu starfshópsins, beint því til hans að taka til skoðunar, með öðrum þáttum, þá hugmyndafræði sem áhugafólk um opin aðgang að gögnum aðhyllist og möguleika til nýsköpunar sem felast í nýtingu slíkra gagna.

Í samræmi við skipunarbréf forsætisráðherra hefur starfshópurinn unnið að gerð tillögu um frumvarp til nýrra upplýsingalaga. Heildstæð drög liggja nú þegar fyrir. Umtalsverð vinna er hins vegar eftir, bæði við endanlegan frágang og textavinnu og við samráð við hagsmunaaðila. Gera má ráð fyrir að starfshópurinn skili forsætisráðherra tillögum sínum í lok apríl eða í maímánuði nk.

Starfshópurinn hefur kynnt sér lagareglur um aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum í öðrum ríkjum og hjá Evrópusambandinu. Gildandi upplýsingalög nr. 50/1996 taka að miklu leyti mið af dönskum upplýsingalögum, en einnig taka þau að nokkru marki mið af ákvæðum norskra laga um sama efni. Sérstök áhersla hefur því verið lögð á ítarlega rannsókn á þróun löggjafar á þessu sviði í þeim ríkjum. Það er mat starfshópsins að eðlilegt sé að áfram verði litið til norskra og danskra upplýsingalaga við mótun á íslenskum upplýsingalögum. Dönsk og norsk upplýsingalög tryggja almenningi ríkan rétt til aðgangs að opinberum upplýsingum auk þess sem það samræmist vel hinu íslenska stjórnsýsluferfi að horft sé til þessara landa um fyrirmyndir við setningu almennra stjórnsýslureglna.

Ný upplýsingalög tóku gildi í Noregi 1. janúar 2009. Þá kom í nóvember 2009 út skýrsla danskrar nefndar sem frá og með árinu 2002 hefur unnið að gerð tillagna um ný upplýsingalög þar í landi. Skýrslunni fylgdi tillaga nefndarinnar að frumvarpi til nýrra heildstæðra upplýsingalaga. Þessi skýrsla er efnismikil, um 1200 blaðsíður að lengd, og hefur nýst vel í vinnu starfshópsins. Þær tillögur sem starfshópurinn vinnur að taka mjög mið af þeim tillögum sem danska nefndin hefur unnið.

Starfshópurinn hefur einnig í huga að í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis skv. lögum nr. 142/2008 kunna að koma fram upplýsingar um skipulag starfa í stjórnsýslunni, skráningu mála og varðveislu upplýsinga, sem haft geta þýðingu fyrir vinnu við endurskoðun upplýsingalaga.

Þegar fjallað er um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum verður almennt að hafa í huga margþætt sjónarmið og hagsmuni. Í vinnu starfshópsins hefur þó megináherslan verið á það lögð að ná ásættanlegu jafnvægi á milli þriggja mikilvægra þátta. Í fyrsta lagi telur starfshópurinn mikilvægt að með lögum séu settar almennar reglur sem hafi það að markmiði að tryggja opna og gegnsæja stjórnsýslu. Slíkt er til þess fallið að auka aðhald að starfsemi stjórnvalda, auka réttaröryggi borgaranna og betri möguleika þeirra til þátttöku í lýðræðissamfélagi. Starfshópurinn álitur að það eigi að vera megingiltgangur upplýsingalaga að tryggja framgang þessa markmiðs. Í öðru lagi hefur starfshópurinn litið til þess að stjórnvöld fást í ýmsum af störfum sínum við upplýsingar sem teljast viðkvæmar, bæði vegna hagsmuna hins opinbera og vegna einkahagsmuna. Með hliðsjón af þessu telur starfshópurinn mikilvægt að í upplýsingalögum sé leitast við að lýsa þeim tilvikum þar sem slíkir hagsmunir teljast nægilega ríkir til þess að réttlæta undanþágur frá meginreglu laganna um aðgang að gögnum. Í þriðja lagi telur starfshópurinn mikilvægt að við setningu upplýsingalaga sé horft til þess að reglur um rétt almennings til aðgangs að gögnum séu fram settar með þeim hætti að framkvæmd þeirra geti verið skilvirk, og jafnframt að hún verði ekki úr hófi kostnaðarsöm fyrir hina opinberu stjórnsýslu. Það væri ekki í samræmi við þá almannahagsmuni sem mikilvægt er að tryggja með aðgangi almennings að upplýsingum í stjórnsýslunni ef með slíkum reglum væri jafnframt lagður steinn í veg annarra starfa stjórnvalda sem mikilvæg eru vegna sömu hagsmuna.

Tillaga að frumvarpi til nýrra upplýsingalaga sem starfshópurinn vinnur nú að byggir að meginstefnu til á gildandi upplýsingalögum nr. 50/1996. Að því leyti sem þau lög hafa gefist vel í framkvæmd er ekki talin ástæða til að hrófla um of við þeim reglum sem þar eru settar. Víða í þeim tillögum sem starfshópurinn vinnur að eru þó lagðar til ákveðnar breytingar á gildandi lögum, sem bæði eru efnislegar og tæknilegar. Þar sem talið var rétt að gera tillögur um breytingar svo víða sem raun ber vitni, bæði um efni og tæknilega framsetningu gildandi reglna, er það stefna starfshópsins að leggja fram tillögu að heilstæðu frumvarpi til nýrra upplýsingalaga, í stað þess að leggja fram frumvarp til breytinga á gildandi lögum.

II. Efni helstu tillagna starfshópsins

Í grófum dráttum má segja að mikilvægustu tillögur, sem starfshópurinn hefur nú til skoðunar, um breytingar frá því sem nú gildir séu eftirfarandi:

1) Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir að lögfest verði sérstakt ákvæði þar sem fram komi lýsing á markmiðum upplýsingalaga. Í þeim hugmyndum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir að orðað sé það meginmarkmið laganna að tryggja gegnsæi í stjórnýslunni. Tilgangur þess sé m.a. sá að styrkja upplýsingarétt og tjáningarfrelsi, þátttöku almennings í lýðræðissamfélagi, aðhald almennings að stjórnvöldum, möguleika fjölmiðla á að miðla upplýsingum um opinber málefni og traust almennings á stjórnýslunni. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Engu að síður hefur markmið upplýsingalaga haft mikla þýðingu við skýringu gildandi laga. Í því ljósi er skýrara að lögfesta um þetta sérstakt ákvæði, þannig að tilgangur löggjafans með lagasetningunni sé öllum ljós. Í framkvæmd verður hins vegar vart séð að slíkt ákvæði hafi í för með sér grundvallarbreytingu á inntaki upplýsingalaga.

2) Í tillögum starfshópsins er lagt til að gildissvið upplýsingalaga verði víkkað með þeim hætti að lögin taki til mun fleiri aðila en nú er. Að gildandi rétti taka upplýsingalög til starfsemi stjórnvalda, og til einkaaðila þegar þeim hefur verið falið vald til töku ákvarðana um rétt eða skyldu manna. Áfram er gert ráð fyrir að upplýsingalög taki til allrar starfsemi stjórnvalda. Því til viðbótar er í tillögum starfshópsins gengið út frá að upplýsingalög gildi í eftirfarandi tilvikum:

- i) Að upplýsingalög taki til allrar starfsemi sem fram fer á vegum sjálfseignarstofnana og sjóða sem stofnað er til með lögum eða sinna að lang stærstum hluta opinberum verkefnum (stjórnýslu). Dæmi hér um myndu teljast stofnanir á við Kirkjugarða Þjóðkirkjunnar, og Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Einnig má nefna St. Jósefsspítala, a.m.k. það rekstarform sem spítalinn hafði fyrst eftir að hann var keyptur af ríkinu og Hafnarfjarðarbæ. Í þessari tillögu felst í reynd ekki breyting frá gildandi lögum, enda hafa þessir aðilar almennt verið taldir til stjórnvalda. Breytingin yrði þó, að mati starfshópsins, til skýringar og eftir atvikum einnig til einföldunar við beitingu laganna.
- ii) Að upplýsingalög taki til allrar starfsemi sem fram fer á vegum einkaréttarlegra fyrirtækja sem eru í eigu hins opinbera, beint eða óbeint, að 75% hluta eða meira. Starfshópurinn hefur ekki endanlega mótað afstöðu sína til þess hvort hér skuli miða við annað hlutfall eignarráða. Hér undir myndu t.d. falla Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, RARIK ohf., Flugstoðir ohf., ýmis hlutafélög í eigu sveitarfélaganna o.fl. fyrirtæki í eigu hins opinbera.

Í skipunarbréfi er gert ráð fyrir að starfshópurinn kanni hvort rétt sé að fella undir upplýsingalög fyrirtæki sem að fullu eru í eigu opinberra aðila. Með vísan til þess hversu afgerandi eignarhlutur opinberra aðila er þegar 75% eignarhluta er náð, og hversu miklir opinberir hagsmunir eru þá almennt bundnir í viðkomandi fyrirtæki, telur starfshópurinn að það kunni að vera of þröng afmörkun að miða við 100% eignarhald opinberra aðila. Í þeim tillögum sem nú liggja fyrir í Danmörku er gert ráð fyrir að miða skuli við 75% eignarhluta í þessu sambandi. Væntanlega myndu mjög fá fyrirtæki falla hér undir, en reglan getur átt rétt á sér engu að síður. Þá er í tillögum starfshópsins gert ráð fyrir að hægt sé að gera undantekningu frá því að lögin taki til opinberra fyrirtækja ef starfsemi fyrirtækis er nær einvörðungu á samkeppnissviði. Dæmi um fyrirtæki sem eðlilegt má telja að lytu þeirri undantekningu eru Malbikunarstöðin Höfði hf., sem er að fullu í eigu Reykjavíkurborgar, bankastofnanir í eigu hins opinbera o.fl.

- iii) Að upplýsingalög taki til annarra einkaaðila, að því leyti sem þeim hafa verið falin opinber verkefni með lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða samningi. Upplýsingalögin myndu þá einvörðungu taka til þeirra upplýsinga sem varða hið opinbera verkefni, en ekki til starfsemi þessara aðila í heild sinni.

Þessi tillaga er efnislega í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 23/2006, um upplýsingar um umhverfismál, og í raun einnig í samræmi við 2. mgr. 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, þó að þýðing þeirrar reglu hafi að einhverju leyti verið umdeild í framkvæmd. Með því að kveða á um þessa reglu í upplýsingalögum er þýðing hennar gerð skýrari, auk þess sem gildissvið hennar er víkkað að því leyti að hún mun einnig ná til einkaréttarlegra aðila sem gera slíka samninga við sveitarfélög.

- 3) Í tillögum starfshópsins er lagt til að lögfest verði sérstök regla um aðgang að upplýsingum um ráðningar og önnur atriði sem lúta að starfsmönnum þeirra sem lögin taka til. Rétt er talið að þessar reglur séu fram settar með ítarlegri en jafnframt skýrari hætti en er í gildandi lögum.

Af 4. tölul. 4. gr. gildandi upplýsingalaga leiðir að upplýsingaréttur í ráðningarmálum er takmarkaður við upplýsingar um nöfn, starfsheiti og heimilisföng umsækjenda. Aðrar upplýsingar sem varða samband opinberra starfsmanna og vinnuveitenda þeirra lúta hins vegar almennum reglum laganna, þar á meðal upplýsingar um launakjör. Mikilvægt er, ekki síst vegna eðlis þessa málaflokks, að skýrar reglur séu settar um aðgang að upplýsingum um opinbera starfsmenn. Mikilvægir almannahagsmunir eru bundnir við það að opinberir starfsmenn sinni störfum sínum af kostgæfni og heiðarleika. Það getur því verið eðlilegt að þeir njóti ákveðins aðhalds almennings sem m.a. getur falist í rétti til aðgangs að upplýsingum um málefni þeirra, s.s. launakjör eða stjórnsluviðurlög gagnvart æðstu embættismönnum. Vegna einkalífshagsmuna þeirra einstaklinga sem þessum störfum gegna er hins vegar jafnframt mikilvægt að þessar reglur séu skýrar, og gangi ekki lengra en þörf er á til tryggingar þeirra almannahagsmuna sem áður voru nefndir.

- 4) Í tillögum starfshópsins er lagt til að sett verði ítarlegri ákvæði en nú er að finna um aðgang almennings að vinnuskjölum sem til verða hjá stjórnvöldum.

Eitt af þeim sjónarmiðum sem iðullega er haldið á lofti þegar rætt er um beitingu upplýsingalaga er það hversu þröngt hugtakið vinnuskjal er afmarkað. Að gildandi lögum teljast vinnuskjöl því aðeins þau gögn sem unnin eru til undirbúnings ákvarðana, unnin eru af starfsmönnum stjórnvaldsins sjálfs og hafa ekki verið afhent aðila sem stendur utan stjórnvaldsins. Starfshópurinn hefur í því sambandi m.a. haft til skoðunar hvort tilefni kunní að vera til að fella undirbúningsgögn sem unnin eru í samvinnu fleiri ráðuneyta eða stofnana undir hugtakið vinnuskjal. Einnig hefur verið tekið til skoðunar í því sambandi hvort undir hugtakið gæti ennfremur komið til greina að fella undirbúningsgögn sem unnin eru af einkaaðilum fyrir stjórnvöld. Á slíkri reglu eru þó margvísleg vandkvæði, sem fyrst og fremst lúta að því að erfitt væri að afmarka það hvað ætti að lúta upplýsingaréttinum og hvað ekki.

5) Í tillögum starfshópsins er lagt til að breytt verði kröfum til framsetningar á beiðnum um aðgang að gögnum, með það að markmiði að almenningi verði gert auðveldara en nú er að óska upplýsinga.

Til nánari skýringar á þessari tillögu er rétt að taka fram að samkvæmt gildandi lögum, 10. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, skal sá sem fer fram á aðgang að gögnum *tilgreina* þau gögn máls sem hann óskar eftir að kynna sér. Jafnframt getur aðili óskað eftir að fá að kynna sér öll gögn um tiltekið mál, án þess að tilgreina einstök gögn málsins. Þessi tilgreining á *máli* sem um er að ræða getur verið töluvert takmarkandi um upplýsingarétt, enda liggja almennt ekki fyrir með opinberum hætti upplýsingar um það *hvaða mál* eru eða hafa verið til meðferðar hjá stjórnvöldum.

Tillögur starfshópsins miða að því, a.m.k. á þessu stigi vinnunnar, að draga umtalsvert úr vægi umræddrar tilgreiningarreglu 10. gr. gildandi laga. Markmiðið er að auka upplýsingarétt almennings. Byggja hugmyndir starfshópsins á því að sá sem óskar aðgangs að gögnum þurfi eftir sem áður að tilgreina það málefni (efni máls) sem hann óskar að kynna sér. Hann mun hins vegar ekki þurfa að tilgreina með nákvæmum hætti það tiltekna mál sem beiðni hans lýtur að. Sú skylda verður að meginstefnu til lögð á stjórnvöld að finna þau mál sem efnislega falla undir það málefni sem tilgreint er í beiðni um aðgang að gögnum. Kröfur um tilgreiningu verða þannig í auknum mæli efnislegar, fremur en að þeim sem óskar aðgangs að gögnum verði gert að benda (formlega) á það afmarkaða mál sem beiðni hans lýtur að. Ljóst er þó að slík regla verður, vegna sjónarmiða um skilvirkni og kostnað af stjórnsýslufrákvæmd, ekki lögð á stjórnvöld án takmarkana. Því verður áfram gerð sú krafa að beiðni sé að lágmarki þannig fram sett að stjórnvaldi sé fært á þeim grundvelli að finna tiltekin mál eða málsgögn sem hægt er að afmarka upplýsingaréttinn við, með tiltölulega einföldum hætti. Í því felst með öðrum orðum að réttur almennings til aðgangs að gögnum verður áfram bundinn við afmörkuð mál sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá þeim aðilum sem falla undir gildissvið laganna. Til að hægt sé að afgreiða beiðni verður hún því að vera fram sett með nægilega nákvæmum hætti til að stjórnvald geti, t.d. með einfaldri orða- eða efnisatriðaleit í málaskrá sinni, fundið þau mál sem lúta að því málefni sem aðili óskar að fá upplýsingar um.

Þar sem þessi afmörkun upplýsingaréttarins felur í reynd í sér að undir beiðni aðila gætu fallið mörg mál sem stjórnvald hefur, eða hefur haft, til meðferðar, er í tillögum starfshópsins einnig gert ráð fyrir að stjórnvald geti synjað um afgreiðslu beiðni ef ljóst þykir að meðferð hennar tæki svo mikinn tíma eða vinnu að ekki teljist af þeim sökum fært að verða við henni, eða ef ætla má að beiðni feli í sér misnotkun á upplýsingarétti samkvæmt lögnum.

Eins og fyrr sagði er tilgangur breytingarinnar að auðvelða borgurunum að leggja fram beiðnir um upplýsingar. Að sama skapi felst í breytingunni nokkur aukning á skyldum stjórnvalda. Hér verður þó til mótvægis að líta til þess að vegna örra tækniframfara, og betra skipulags á málaskránni en áður var, er mun auðveldara fyrir stjórnvöld að hafa uppi á málum og gögnum en var við gildistöku gildandi laga. Það eru ekki síst slíkar tæknilegar breytingar sem styðja það að nú sé hægt að stíga það skref sem lagt er til með þessari breytingu, með það að markmiði að tryggja borgurunum betri rétt til aðgangs að upplýsingum en áður var. Til álita kemur vissulega einnig að auka rétt borgaranna í þessu sambandi með öðrum leiðum, m.a. með því að skylda stjórnvöld til að gera opinbera á

heimasiðum sínum lista yfir mál sem þau hafa eða hafa haft til meðferðar. Það er hins vegar mat starfshópsins að íslensk stjórnýsla sé að svo komnu máli ekki búin undir svo mikla breytingu á starfsháttum. Kemur þar fyrst og fremst tvennt til. Í fyrsta lagi telur starfshópurinn að áður en slík regla yrði lögleidd væri mikilvægt að kortleggja með tiltölulega nákvæmum hætti þau málaskrárkerfi sem í dag eru nýtt af stjórnvöldum. Að því leyti sem slík kerfi henta ekki til slíkrar opinberrar birtingar yrði jafnframt að leggja í vinnu við gerð nýs hugbúnaðar eða útskipti á hugbúnaði sem þegar er í notkun. Ljóst er að stjórnvöld nota að einhverju marki málaskrárkerfi sem ekki eru að öllu leyti til þess fallin að gera upplýsingar úr þeim opinberar. Í öðru lagi telur starfshópurinn að ákveðin vandkvæði fylgi álitamála um það hvernig skuli farið með trúnaðarupplýsingar, bæði þær sem lúta að einkalífi manna og öryggi ríkisins eða almennings. Við úrlausn þeirra álitamála virðast fyrst og fremst tvær leiðir koma til greina. Önnur leiðin fæli í sér að stjórnvöldum yrði, á grundvelli sambærilegra matskenndra reglna og nú er að finna í upplýsingalögum, falið það hlutverk að meta hvort tiltekið mál eða skjal skuli fara á hinn opinbera lista. Slíkt mat þyrfti þá að fara fram í hvert sinn sem mál er stofnað, eða skjal skráð í málaskrá stofnunar. Það er mat starfshópsins að slík leið sé ekki raunhæf ein og sér. Hún myndi kalla á mjög umfangsmikla vinnu af hálfu starfsmanna stjórnýslunnar, auk þess sem ákveðin hætta er á að hún næði ekki tilgangi sínum þar sem of mörg mál yrðu í þessu sambandi skoðuð sem trúnaðarmál og myndu þar með falla utan við upplýsingarétt almennings. Hin leiðin felst í því að settar yrðu ítarlegar reglur um það hvaða upplýsingar mætti gera opinberar með þessum hætti. Kosturinn við það er sá að mat stjórnvalda um það hvaða gögn eða mál mætti gera opinber samkvæmt framangreindu yrði afmarkaðra, þó væntanlega yrði ekki hjá því komist að fela stjórnvöldum eitthvað mat um þessi atriði. Vinnuálag á stjórnvöld yrði minna sem þessu næmi. Gallinn er hins vegar sá þær reglur sem um er að ræða yrðu að vera mjög ítarlegar til þess að þær næðu tilgangi sínum, auk þess sem mismunandi reglur yrði að stórum hluta að setja um mismunandi svið stjórnýslunnar. Verkefni stjórnvalda eru mjög fjölbreytt og reglusetning af þessu tagi yrði mjög umfangsmikil. Benda má á að slíkt kerfi er að hluta til viðhaft í Svíþjóð. Upplýsingalöggjöf þar í landi er gríðarlega umfangsmikil og mjög nákvæm.

Að mörgu leyti verður, þrátt fyrir framangreint, að telja æskilegt að kerfi þar sem upplýsingar um þau mál sem til meðferðar eru á hverjum tíma í stjórnýslunni eru opinberar verði, a.m.k. að einhverju marki, komið á hér á landi innan ekki mjög margra ára. Mikilvægt er hins vegar að stjórnvöld móti sér stefnu um slíkt nokkru áður en hún á í raun að koma til framkvæmdar, m.a. vegna þess kostnaðar sem hún getur falið í sér. Í tillögum starfshópsins er því ekki gert ráð fyrir að lagt verði til að slík upplýsingagjöf verði lögbundin sem slík, heldur er viðkomandi ráðherra, í samstarfi við forsætisráðherra falið að vinna að því að slíkar tilraunir verði gerðar. Út á það gengur sjötta meginbreytingin sem starfshópurinn vinnur nú að því að gera tillögur um.

6) Í tillögum starfshópsins er lagt til að forsætisráðherra geti með reglugerð sett fyrirmæli um heimildir ráðherra til að ákveða að listar yfir mál sem eru, eða hafa verið, til meðferðar hjá viðkomandi ráðuneyti eða undirstofnun þess verði birtir opinberlega. Til skoðunar er einnig að slík heimild tæki til sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að hér verði um heimild stjórnvalda að ræða en ekki skyldu. Tilgangur slíkrar reglu væri því fremur sá að tryggja það að stjórnvöld vinni að því með samræmdum

hætti að opna málaskrár sínar, verði heimildinni beitt. Ennfremur má leiða að því líkum að sé slík heimild lögfest, þá aukist líkur á að stjórnvöld nýti sér hana. Mikilvægt er að hér sé vel vandað til verka, bæði hvað varðar réttaröryggi þeirra sem upplýsingar varða en einnig hvað varðar kostnað sem af tilraunaverkefnum af þessu tagi getur hlotist. Engu að síður ber að hafa í huga að viss birting á upplýsingum um það hvaða mál eru til meðferðar í stjórnslunni er þegar til staðar. Þannig hefur lengi tíðkast að sveitarfélög birti tillögur að dagskrám funda á heimasíðum sínum, og svo fundargerðir þegar fundum er lokið.

Gert er ráð fyrir að birting á listum yfir mál sé í samræmi við önnur ákvæði laganna. Í því felst að heimilt væri að undaskilja við birtingu upplýsingar sem lúta að öryggi ríkisins eða einkahagsmunum sem eðlilegt er og sanngjarnt að fari leynt. Ennfremur er gert ráð fyrir að birting sé samræmd á milli ráðuneyta og stofnana eftir því sem kostur er. Það yrði þá m.a. hlutverk forsætisráðherra, við setningu á reglugerð að leitast við að koma því samræmi á. Þá gildi ákvæði persónuverndarlaga nr. 77/2000 um slíka birtingu á skrá, eftir því sem við á.

III. Samráð og tillaga um lok á vinnu starfshópsins

Starfshópurinn hefur ekki enn haft formlegt samráð við aðra um efni framangreindra tillagna. Boðað hefur verið til fundar með fulltrúum allra ráðuneyta 26. mars 2010. Fundur verður með Bláamannafélagi Íslands 29. mars, og fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga, og eftir atvikum fulltrúum frá einstökum sveitarfélögum, þann 30. mars. Á þessum fundum verða þær tillögur sem fram koma í bréfi þessu kynntar.

Strax að loknum páskum mun starfshópurinn senda öllum ráðuneytum, Bláamannafélagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, drög að frumvarpinu til umsagnar. Gert er ráð fyrir að frestur til að veita umsögn verði um þrjár vikur.

Starfshópurinn leggur hér með til við ráðherra að þegar lokið hefur verið yfirferð yfir umsagnir ofangreindra aðila, og annarra sem e.t.v. kann að verða leitað til í þessu sambandi, þá leggi hópurinn fram við ráðherra tillögu að frumvarpi til nýrra upplýsingalaga. Miðað er við að þau skil fari fram síðast í apríl eða í maímánuði nk. Með þeim skilum væri starfi starfshópsins lokið.

Starfshópurinn vill taka fram að hann telur æskilegt að fram fari ítarlegri og viðameiri kynning á efni frumvarpstíllögunnar en ráðgerð er hér að ofan. Meðal annars telur starfshópurinn æskilegt að almenningur fái viðhlítandi tækifæri til að tjá sig um efni hennar. Það er hins vegar einnig afstaða hópsins að það sé eðlilegt að ráðherra taki sjálfur afstöðu til næstu skrefa við meðferð málsins. Starfshópurinn lýsir sig þó vitaskuld reiðubúinn til að verða ráðherra til þeirrar aðstoðar sem þörf er á við það verkefni, telji hann þess þörf. Verður því ofangreindri tilhögun fylgt af hálfu starfshópsins, geri ráðherra ekki við það athugasemdir.

Virðingarfyllst,

f.h. starfshóps um endurskoðun upplýsingalaga,



Trausti Fannar Valsson, formaður.